

Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. september 2022

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Flokkur fólksins leggur til að farið verði í að endurskipuleggja íbúðakjarna að Rökkvatjörn 3 með það að markmiði að gera almenningsrými fyrir íbúanna. Komið hefur í ljós að það er stór galli á húsnæðinu því þar er ekkert sameiginlegt rými þar sem íbúar geti komið saman, borðað saman, horft saman á viðburði í sjónvarpi. Flestir íbúar kjarnans eru að stíga sín fyrstu spor í eigin húsnæði. Íbúarnir þurfa mikla aðstoð við flesta hluti og verkefni sem hvíla á starfsfólki eru mörg og margvísleg. Foreldrar íbúanna hafa ítrekað haft samband við borgarfulltrúa Flokks fólksins og viðrað áhyggjur sínar. Ljóst er að láðst hefur að hafa foreldra með í ráðum við hönnun og skipulagningu íbúðakjarnans. Áherslan ætti að sjálfsgöðu alltaf að vera á þjónustuþegunum og þörfum þeirra. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðað verði hvort á öðrum stöðum í íbúðakjarnanum sé óþarfa mikið eða stórt rými, eða rými sem er illa nýtt eða sjaldan, sem þá er hægt að nýta undir sameiginlegt rými fyrir íbúana. Flokkur fólksins hefur reifað þetta mál á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og er það mat ráðsmanna að málið eigi heima í velferðarráði/sviði.